

Borgarráð

Samningateymi Reykjavíkurborgar í fjárhagslegum samskiptum við ríkisvaldið

Hjálögð drög að erindisbréfi samningateymis Reykjavíkurborgar í fjárhagslegum samskiptum við ríkisvaldið eru lögð fram til kynningar. Á meðal helstu verkefna samningateymis er að kortleggja óleyst fjárhagsleg mál milli ríkis og Reykjavíkurborgar, móta tillögur að samningsmarkmiðum Reykjavíkurborgar og gera tillögur að aðgerðaáætlun til að fylgja eftir samningsmarkmiðum.

Greinargerð:

Verulega hallar á sveitarfélög í fjárhagslegum samskiptum þeirra við ríkið. Viðræður í málum af þessu efni hafa einkum verið á hendi Sambands íslenskra sveitarfélaga á sameiginlegum vettvangi. Þar sem ljóst er að Reykjavíkurborg á gríðarlega mikið undir því að árangur náist er skipað sérstakt samningateymi til að hafa yfirsýn og gera tillögur að samningsafstöðu og raunhæfum skrefum í óleystum málum sem varða fjárhagsleg samskipti milli ríkis og Reykjavíkurborgar. Teymið mun vera borgarstjóra til ráðgjafar, vinna með viðkomandi sviðsstjórum eftir því sem við á, og eftir atvikum vera starfsfólki Sambands íslenskra sveitarfélaga til stuðnings og ráðgjafar ásamt því að gera borgarráði grein fyrir störfum sínum, greiningum og tillögum.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Drög að erindisbréfi samningateymis Reykjavíkurborgar í fjárhagslegum samskiptum við ríkisvaldið.

ERINDISBRÉF

Samningateymi Reykjavíkurborgar í fjárhagslegum samskiptum við ríkisvaldið

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Hlutverk:

Verulega hallar á sveitarfélög í fjárhagslegum samskiptum þeirra við ríkið. Viðræður í málum af þessu efni hafa einkum verið á hendi Sambands íslenskra sveitarfélaga á sameiginlegum vettvangi. Þar sem ljóst er að Reykjavíkurborg á gríðarlega mikið undir því að árangur náist er skipað sérstakt samningateymi til að hafa yfirsýn og gera tillögur að samningsafstöðu og raunhæfum skrefum í óleystum málum sem varða fjárhagsleg samskipti milli ríkis og Reykjavíkurborgar. Teymið mun vera borgarstjóra til ráðgjafar, vinna með viðkomandi sviðsstjórum eftir því sem við á, og eftir atvikum vera starfsfólki Sambands íslenskra sveitarfélaga til stuðnings og ráðgjafar ásamt því að gera borgarráði grein fyrir störfum sínum, greiningum og tillögum.

Helstu verkefni:

- Kortleggja óleyst fjárhagsleg mál milli ríkis og Reykjavíkurborgar.
- Móta tillögur að samningsmarkmiðum Reykjavíkurborgar
- Gera tillögur að aðgerðaáætlun til að fylgja eftir samningsmarkmiðum.

Samningateymi skipa:

Stefán Eiríksson borgarritari (formaður).

Birgir Björn Sigurjónsson fjármálastjóri.

Ebba Schram borgarlögmaður.

Starfsmaður:

Starfsmaður frá fjármálaskrifstofu.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Samningateymið leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu.

Starfstímabil:

Samningateymið er skipað til tveggja ára í senn. Samningateymið skili ábyrgðarmanni áfangaskýrslu ásamt aðgerðaáætlun fyrir 1. desember 2018.

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson